



Fundargerð

355. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 15. ágúst 2013 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ) og Sveinn Ragnarsson (SR). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Jóhann Þórðarson endurskoðandi sveitarfélagsins var í síma undir fyrsta máli á dagskrá.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust, var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 352. fundur sveitarstjórnar 13. júní 2013.

Farið yfir fundargerð, fundargerð samþykkt samhljóða.

2. 353. fundur sveitarstjórnar 1. júlí 2013.

Farið yfir fundargerð, fundargerð samþykkt samhljóða.

3. 354. fundur sveitarstjórnar 9. júlí 2013.

Farið yfir fundargerð, fundargerð samþykkt samhljóða.

4. Skipulags- og bygginganefnd 12. ágúst 2013.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

1. 1304040 – 213388 Flateyjarland, iðnaðar- og athafnasvæði.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2. 1308010 – Gróunes 139565, beiðni um stofnun nýrrar fasteignar.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

3. 1308009 – Flotbryggjur í Reykhólahöfn 2013.

Miklar umræður fóru fram undir þessum lið.

GJÓ lagði fram tillögu og greinargerð. Sveitarstjórn samþykkir að flotbyggja verði eins og upphafleg tillaga var og samþykkti því ekki lið 4 í 1308009 í fundargerð skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefndar Reykhólahrepps frá 12. ágúst sl. Sveitarstjórn sækir um að farið verði í dýpkun vestan við flotbryggju fljótlega. Gengið var til atkvæðagreiðslu með tillögu GJÓ og var hún samþykkt með tveimur atkvæðum GJÓ og SR gegn einu atkvæði EK. ÁSK og AB sátu hjá.

4. 1308011 – Beiðni um lykiltölur úr aðalskipulagi. Erindi frá Skipulagsstofnun frá 13. júní 2013.

Sveitarstjóri lagði fram gögn og kynnti að lykiltölur hafi þegar verið sendar Skipulagsstofnun af byggingafulltrúaembættinu.

5. 1308013 – Hafrafell 3, 220107, stofnun nýrrar lóðar.

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

5. Reykhólahöfn dýpkun 2013, verkfundur nr. 2.

Farið yfir fundargerð.

Mál til afgreiðslu

1. 1306010 – Ársreikningur Reykhólahrepps, endurskoðunarskýrsla.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi fór yfir endurskoðunarskýrslu með ársreikningi 2012.

2. 1308008 – Boð á 58. Fjórðungssþing Vestfirðinga þann 30. og 31. ágúst 2013.

Boð og drög að dagskrá frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 24. júní 2013.

Fjórir fulltrúar úr sveitarstjórn Reykhólahrepps mæta á þingið auk sveitarstjóra, EK fer ekki á þingið að þessu sinni og tekur AB atkvæði hans. Sveitarstjóra falið að útbúa kjörbréf vegna þingsins og koma þeim til Fjórðungssambandsins. Samþykkt samhljóða.

3. 1308001 – Frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 25. mál. Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, 6. mál. Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegur stuðningur, 7. mál. Umsagnarbeiðni, erindi frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 26. júní 2013.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málið. Samþykkt samhljóða.

4. 1304028 – Krani á höfnina í Flatey.

Ósk um leyfi til uppsetningar á krana, erindi frá Eyjasiglingu dagsett 12. ágúst 2013.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að Eyjasigling setji upp og reki krana á Flateyjarbryggju án nokkurs kostnaðar fyrir Reykhólahrepp. Þess skal gætt að kraninn verði tryggður. Samþykkt samhljóða.

Til kynningar

5. 1205007 – Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Reykhólahrepps.

Staðfesting innanríkisráðuneytisins dagsett 3. júlí 2013.

Lagt fram og kynnt.

6. 1207008 – Vegagerð um Vestfjarðaveg 60, Bjarkalundur – Melanes.

1. Bréf Vegagerðar til Skipulagsstofnunar dagsett 12. júlí 2013.

2. Bréf Skipulagsstofnunar til Vegagerðarinnar 18. júlí 2013.

Bréf lögð fram og kynnt.

7. 1308002 – Samgöngustofa skv. lögum nr. 119/2012 sem tóku gildi 1. júlí 2013.

1. Bréf frá Vegagerðinni varðandi að hafna- og rekstrarsvið Siglingastofnunar sameinist Vegagerðinni, dagsett 26. júní 2013.
2. Bréf frá Siglingamálastofnun varðandi niðurlagningu stofnunarinnar þann 30. júní 2013.

Bréf lögð fram og kynnt.

8. 1306030 – Leigusamningur um leigu á húsnæði til Bata- og hlunninda-sýningarinnar ehf.

Undirritaður samningur lagður fram til kynningar.

Lagt fram.

9. 1308004 – Dagur íslenskrar náttúru 2013.

Erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dagsett 21. maí 2013.

Kynnt.

10. 1308005 – Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 7. og 20. júní 2013.

Fundargerðir lagðar fram.

11. 1308006 – Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða 31. maí 2013.

Fundargerð lögð fram.

12. 1308007 - 132. fundur Breiðafjarðarnefndar 15. maí 2013.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.20.
